

# Tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma hjá ríkinu

“Merkilegt hvað það munar  
um þennan hálf tíma”

Ása Guðbjörg Ásgeirsdóttir  
sjálfstætt starfandi ráðgjafi í  
mannauðsmálum  
[asaasg@hotmail.com](mailto:asaasg@hotmail.com)

# Aðdragandi tilraunaverkefnisins

- Ráðist var í tilraunaverkefni um styttingu vinnutíma hjá ríkinu í kjölfar viljayfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 28. október 2015 í tengslum við gerð kjarasamninga ríkisins við aðildarfélög BSRB.
- samstarfshópur skipaður með fulltrúum frá velferðar- nú félagsmálaráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og BSRB
- Vinnustundum fækkað úr 40 á viku niður í 36 stundir án launaskerðingar.

# Val á á vinnustöðum

- Auglýst eftir þátttakendum í okt. 2016 og forstöðumenn ríkistofnanna hvattir sérstaklega til að sækja um fyrir vinnustaði sína.  
Alls sóttu 17 vinnustaðir um þátttöku þ.e. 6 vaktavinnustaðir og 9 dagvinnustaðir

Viðmið um þátttöku:

- að stöðugildi á vinnustaðnum væru 20 eða fleiri
- a.m.k. 30% starfsmanna á vinnustaðnum væru í aðildarfélögum BSRB
- störfín sem unnin væru á vinnustaðnum væru nokkuð svipuð
- að meirihluti starfsmanna væru 70 – 100% starfshlutfalli
- Ennfremur var horft til útfærsla / hugmynda vinnustaða um:
  - leiðir til styttingar vinnutíma
  - hvernig meta skyldi áhrif styttingar skilvirkni og árangur
  - staðsetning vinnustaða, fjöldi starfsmanna, hlutfall kvenna og karla á vinnustaðnum; aldersdreifing starfsmanna og vinnufyrirkomulag þ.e. vakta- og eða dagvinna

# Þáttökuvinnustaðir

4 vinnustaðir voru valdir:

- Ríkisskattstjóri, Útlendingastofnun, Þjóðskrá og Lögreglan á Vestfjörðum.
- Tveir vinnustaðanna hófu að stytta vinnutíma 1. apríl 2017 og hinir tveir 1. maí 2017.
- Fjórir vinnustaðir með lík einkenni voru valdir til samanburðar og vinnustaðir héldu vinnuvikunni óbreyttri.
- Ákveðið var í lok mars 2018 að framlengja verkefnið um eitt ár. Aftur framlengt í vor 2019 – þangað til kjarasamningar nást.
- Auglýst var eftir þáttöku vaktavinnustaðar í verkefninu í júní 2018. Lyflækningadeild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi valin til þáttöku
  - stytting vinnutíma 1. september 2018 í lok maí 2019
  - Félagsmálaráðuneytið kom hluta til við móts við kostnað Heilbrigðisstofnunar Vesturlands af styttingu vinnutíma starfsmanna sinna

# Mælingar

- Rafrænar spurningalistakannanir og rýnihópar
  - Áður en stytting vinnutíma hófst (mars-apríl 2017)
  - 6 mánuðir af styttingu vinnutíma (október 2017)
  - 12 mánuðir af styttingu vinnutíma (maí 2018)
- Viðtöl við maka og einstæða foreldra (nóv/des. 2018)
- Hagrænir mælikvarðar: veikindafjarvistir, yfirvinna, afköst og skilvirkni (eftir 12 mán af styttingu vinnutíma)

# Rafrænar kannanir

Kannað er hver áhrif styttingar vinnutímans eru á

- Líðan starfsmanna
- viðhorf til vinnustaðar og starfs. vinnustaðarbrags og stjórnunar.
- samspil vinnu og einkalífs.

Til að fá samanburð og varpa skýrari ljósi á áhrif styttingar vinnutíma eru sambærilegar mælingar gerðar á fjórum vinnustöðum, með svipaða starfsemi

# Svarhlutfall

582 (74%) stöðumat, 658 (81%), 6. mán. og 534 (66%) 12 mán.

Tilraunavinnustaðir:

Stöðumat 392 (89%), 398 (88%), 6. mán og 371 (79%) 12 mán.

Viðmiðunarvinnustaðir:

Stöðumat 204 (56%), 260 ( 72%) 6. mán og 163 (47%) 12. mán.

# Aldur og kyn

Mars/apríl 2017		Október 2017		Maí/júní 2018	
Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall

## Aldur

25 ára og yngri	9	2%	16	3%	18	4%
26–40 ára	181	35%	214	36%	184	37%
41–60 ára	239	46%	278	47%	229	46%
61 árs og eldri	88	17%	89	15%	71	14%
Heildarfj. er gaf upp aldur	517	100%	597	100%	502	100%

## Kyn

Kona	395	70%	403	68%	348	68%
Karl	171	30%	188	32%	167	32%
Heildarfj. er gaf upp kyn	566	100%	591	100%	515	100%




# Menntun

	Mars/apríl 2017		Október 2017		Maí/júní 2018	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Grunnskólamenntun	61	11%	58	9%	58	11%
Stúdentspróf	78	14%	63	10%	62	12%
Menntun í iðngrein	46	8%	39	6%	39	7%
Grunnmenntun á háskólastigi BA, BSc.	142	25%	157	25%	140	26%
Framhaldsmenntun á háskólastigi MA, MSc, MBA, MPH eða doktorspróf	223	39%	277	44%	218	41%
Önnur menntun	22	4%	35	6%	12	2%
Heildarfjöldi er gaf upp menntun sína	572	100%	629	100%	529	100%

# Starfshlutföll

- Hlutastörf frá 20% upp í 85%
- Fullt starf – 85% starfshlutfall og hærra.
- Langstærsti hlutinn eða um 95% (550) svarenda í stöðumatínu vann fullt starf, 96% (604) í 6 mán. Mælingunni og 508 (95%) í 12 mán. mælingunni 2018.



Tilraunavinnustaðir - Apríl 2017

Tilraunavinnustaðir - Október 2017

Tilraunavinnustaðir - Júní 2018

Viðmiðunarvinnustaðir - Apríl 2017

Viðmiðunarvinnustaðir - Október 2017

Viðmiðunarvinnustaðir - Júní 2018

1.000

2.000

3.000


4.000

5.000


Álag




Kulnun




Misrétti




Árekstrar vinnu og einkalífs



Andleg streitueinkenni




Líkamleg streitueinkenni



Hlutverkaruglingur





# Viðhorf til jákvæðra þátta er tengjast starfi, líðan og jafnvægi milli vinnu og einkalífs á tilraunavinnustöðunum fyrir og eftir 12 mán. tilraun

## Konur

## Karlar

— Apríl 2017 — Júní 2018



— Apríl 2017 — Júní 2018




# Viðhorf til neikvæðra þátta er tengjast starfi, líðan og jafnvægi milli vinnu og einkalífs á tilraunavinnustöðunum fyrir og eftir 12 mán.

## konur



## karlar



# Aldur

- Marktækt meiri upplifun af jafnvægi vinnu og einkalífs og minna álagi í mældist hjá öllum aldurshópum fyrir utan þá sem eru 61 árs og eldri.
- Þá dregur marktækt úr andlegum streitueinkennum í öllum aldurshópum nema þeim elsta en meðaltöl fyrir þann hóp voru lægst fyrir. Enn fremur dró marktækt úr upplifun af kulnun hjá öllum nema elsta aldurshópnum

41–60 ára:

- mest dró þó úr upplifun af kulnun
- mest aukning starfsánægju
- meiri upplifun af stuðningi yfirmanns.



# Hagrænar mælingar

- Mældar veikindafjarvistir mældar í dögum fyrir hvert stöðugildi og yfirvinnuvinnustundir og tölurnar bornar saman við sama tímabil árið áður.
- Lögreglan á Vestfjörðum - yfirvinnustundum fækkaði lítillega en verulega dró úr veikindafjarvistum.
- Útlendingastofnun - dró lítillega úr yfirvinnu og veikindafjarvistum en starfsmönnum fjölgaði verulega.
- Ríkisskattstjóri - yfirvinna jókst lítillega, og veikindafjarvistum, en stöðugildum fækkaði um fjögur hjá stofnuninni.
- Hjá Þjóðskrá Íslands jókst yfirvinna og veikindafjarvistir lítillega. Þá höfðu “krísa” við útgáfu vegabréfa og annir við þróun upplýsingakerfa áhrif.
- Ekki hægt að merkja að stytting vinnutíma hafi neikvæð áhrif á afköst og skilvirkni.

# Rýnihópar

- Haldnir 22 rýnihópafundir þar 5 með stjórnendum.
- Hver hópur hittist þrisvar sinnum – áður en styttingin hófst, eftir 6 og 12 mán:
- 5 hjá Lögreglunni á Vestfjörðum, þar af 2 með stjórnendum.
- 8 hópar hjá Ríkisskattstjóra, þar af fimm í Reykjavík og þrír á Akureyri.
- 6 hópar hjá Þjóðskrá, þar af 3 á Akureyri.
- 3 með blönduðum hópi stjórnenda frá Útlendingastofnun, Ríkisskattstjóra og Þjóðskrá.
- Þátttakendur í rýnihópunum voru 60 (33 konur og 27 karlar). Alls tóku 10 stjórnendur með mannaforráð þátt í rýnihópunum (fimm konur og fimm karlar). Þátttakendur af landsbyggðinni voru 24 og þátttakendur í Reykjavík 36. Fjöldi í hverjum hóp 3–8 en algengast að 6 einstaklingar væru í hverjum hópi.
- Aldur:rúmlega tvítugt og upp í tæplega sjötugt.

# Áður en stytting hófst

„Það er samhljómur í borginni, já eða bara landinu, að fólk vill geta hætt að vinna fyrr á daginn .... er ánægður með að þetta sé komast í framkvæmd“.

Flestir töldu að það gæti orðið álag til að byrja með. Það þyrfti mögulega að „fórna fyrir ávinninginn“. Allir þyrftu að leggja sig fram.

- Almennt var lýst mikilli ánægju með að hafa verið valin/valinn í verkefnið, óvissa hjá hluta stofnananna um útfærslu styttingar.
- Talað var um fordæmi, gera þetta vel fyrir aðra sem koma á eftir og vilja stytta vinnutíma, mega ekki klúðra verkefninu og telja sig bera ábyrgð. Miklar væntingar til styttri vinnutíma og þá sérstaklega að stytta vinnutíma á föstudögum.
- Álag og streita í vinnu og þreyta eftir vinnudaginn.
- Stjórnendur jákvæðir gagnvart styttingu vinnutíma - Hóflegar væntingar um að geta sjálfir stytta vinnutíma.

# 6 mánuðir af styttingu vinnutíma

„Það er meiri röggsemi ... við drífum þetta [verkefni] af.“

„vinnugleðin er meiri“ : „Það er „enginn að spjalla í sófanum ... minna hangs.“

- Upplifun af meiri lífsgæðum eftir að vinnutími var stytur.
- Betri nýting á tíma eftir að vinnu lýkur.
- Mikil ánægja með styttingu vinnutíma á föstudögum, sérstaklega hjá þeim sem hætta klukkan tvö á föstudögum, helgarnar lengjast.
- Verkefnið og stytting vinnutíma hefur almennt staðist væntingar.
- Að stytta vinnutíma krefst aukinnar skipulagningar á verkefnum/verkferlum og agaðra vinnubragða.
- Stjórnendur telja sig eiga erfiðara með að stytta vinnutímamann borið saman við almenna starfsmenn.
- Stytting vinnutíma dregur úr upplifun af streitu og álagi í daglegu lífi, sérstaklega meðal fólks með ung börn.

# 12 mánuðir af styttingu vinnutíma

“Mér finnst bara mjög auðvelt að leggja frá mér [verkefni] og fara. Ég get labbað út .Var áður að vinna heima á kvöldin til að ná tímum mínum.“

„Var (vaktavinnustarfsmaður - fyrir styttingu vinnutíma) farinn í vinnuna áður en börnin vöknuðu og þau farin að háttu þegar ég kom heim.“

“Þegar maður fer yfir tímaskýrslurnar þá er þetta nánast á núlli. “

„... Það er „aðeins meira líf utan vinnunnar

„... maður skánar sem foreldri ... maður var áður oft að drífa sig og drífa börnin af stað. Nú leyfir maður sér að vera þínu seinn“ „Það er minna stress ... við að vekja og klæða og koma litlu fólki af stað í leikskóla er ekki [lengur] barningur.“

- Betri líðan í vinnunni.
- Starfsfólk vinnur hraðar, leggur meira af mörkum, tekur styttri pásur, aukin sam hjálp og samstarf.
- Heildarvinnutími hefur styst samkvæmt tímaskýrslum.

# 12 mánuðir af styttingu frh.

- Algengara að stjórnendur stytta vinnutíma en var í rýnihópunum sem haldnir voru 6 mánaða styttingu vinnutíma.
- Almennt viðhorf að stytting vinnutíma hafi staðist væntingar og meira en það.
- Algengara að fólk á miðjum aldri og þeir sem ekki eru með ungbörn sitji lengur við á daginn en fleiri fara þó fyrr úr vinnu en áður.
- Tíminn nýttur í að sinna fjölskyldunni (börn, makar, barnabörn, aldraðir foreldrar) og sjálfum sér.
- Algengara en áður að starfsfólk fari frá hálfloknum verkefnum í lok dags og haldi áfram daginn eftir.
- Væntingar um að stytting vinnutíma haldi áfram eftir að tilraunaverkefninu lýkur.
- Umræða um hvort stytting vinnuvikunnar verði “skiptimynt fyrir launahækkanir” í næstu kjarasamningum

# Viðtöl við maka og einstæða foreldra

- Tekin voru alls 12 viðtöl í nóvember og desember 2018.
- 4 viðtöl við konur og 1 viðtal við karl - einstæðir foreldrar með börn á leik- og grunnskólaaldri.
- 7 viðtöl við maka starfsmanna sem taka þátt í tilraunaverkefninu, 3 karla og 4 konur. Langflestir makar voru með börn á leik- og grunnskólaaldri en einn var með börn á framhaldsskólaaldri

# Viðtöl – helstu niðurstöður

## Viðtöl við einstæða foreldra

- auðveldara að sameina vinnu og einkalíf, halda betra dagskipulagi, sinna börnum og stytta ferðatíma til og frá vinnu
- nýttu styttingu vinnutímans til að börnum sínum, þ.m.t. heimanámi og tómstundum, föstudagarnir nýttust til samveru með börnunum og að eiga stund með sjálfum sér.

## Viðtöl við maka starfsmanna

- stytting vinnutímans hafði létt álagi af fjölskyldum, sérstaklega þar sem ung börn eru á heimili.
- dregið hefði úr streitu á morgnana og seinnipartinn
- maki væri ekki eins þreyttur eftir vinnudaginn.
- meira var um samveru með fjölskyldu
- báðir foreldrar áttu auðveldara með að sinna áhugamálum sínum
- dregið hafði úr togstreitu milli foreldra vegna umönnunar barna

maki sem styttri vinnutíma hefði tekið meiri þátt í umsjón barna á álagstímum



# Lærdómur

- Stytting vinnutíma krefst góðrar skipulagningar og stöðugar endurskoðun ferla sem unnið er eftir.
- Minni samvera í vinnunni – erfiðara að skipuleggja fundi, fræðslu og sameiginlega viðburði.
- Undirstrikar og beinir kastljósinu að mikilvægi samvinnu, samstöðu og samhjálp.
- eykur lífsgæði fólks og bætir líðan í vinnu og utan hennar.
- ýtir undir jafnari verkaskiptingu á heimilum..
- getur haft keðjuverkandi góð áhrif svo sem á samgöngur, þ.e. minni eða dreifðri umferð og aukinni notkun á almenningssamgöngum
- getur stuðlað að aukinni þátttöku í tómstundum og félags- og sjálfboðaliðsstarfi.